

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 28. ágúst 2023

2308013SA SAS/KÓ
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. Mál í samráðsgátt nr. 119/2023.

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar því að skattalegt umhverfi orkumála verði tekið til endurskoðunar. Í stefnumörkun sambandsins hefur lengi verið lögð áhersla á fasteignaskattar séu greiddir af öllum fasteignum og er þá fyrst og fremst vísað til undanþágu „rafveitna“, sbr. 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna.

Um skattlagningu orkumannvirkja var fjallað ítarlega í tveimur nefndum sem sambandið og Samtök orkusveitarfélaga áttu aðild að. Má í þessu sambandi geta þess að bæði samtökin gera alvarlega athugasemd við að hafa ekki verið boðin aðkoma að þeirri nefnd sem nú er verið að setja á laggingar og fjallar um skattlagningu orkuvinnslu. Ekki náðist samkomulag í þessum nefndum, en engu að síður var í skýrslum safnað mikilsverðum upplýsingum um málefnið. Frá því þessar nefndir luku störfum hafa orðið viðhorfsbreytingar. Koma þær vel fram í stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar. Þar er sérstaklega vikið að mikilvægi þess að ná breiðri sátt um byggingu vindorkuvera og taka tillit til áhrifa á nærsamfélag og opnað fyrir möguleika á gjaldtöku.

Á grundvelli þessa var síðan í júlí 2022 sett á laggirnar nefnd til að gera tillögur til um nýtingu vindorku, þar á meðal um lagaumhverfi hennar. Líkt og kunnugt er var svokallaðri stöðuskýrslu skilað í apríl 2023.

Í umfjöllun í samráðsgátt segir:

„Brýnt þykir að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu í stærra samhengi með það að markmiði að skapa henni nýja skattalega umgjörð og kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar, þ.m.t. vegna orkuframleiðslu, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.“

Sambandið tekur undir þessi orð og fagnar því að samhljómur virðist nú vera milli ríkis og sveitarfélaga í þessu máli. Sá ljóður er þó á þessu að hér virðist eingöngu átt við orkuvinnslu en ekki flutning og dreifingu. Sé það raunin, sætir það furðu og er þá vísað til sjónrænu áhrifanna sem getið er í stjórnarsáttmála og annarra þeirra áhrifa sem flutningsmannvirki hafa á nærsamfélag þeirra. Á þessi sjónarmið hafa bæði samtök orkusveitarfélaga og sambandið áður bent á, sbr. m.a. umsagnir við tilvitnaða stöðuskýrslu um vindorku, þ.e.a.s. að við skoðun á skattalegri umgjörð þurfi að taka tilliti til orkumannvirkja og flutningskerfis raforku. Er þannig tekið undir sjónarmið sveitarfélaga í umsögnum þeirra í samráðsgáttinni vegna þessa máls.

Samtök orkusveitarfélaga hafa sett fram sín sjónarmið með skýrum hætti sem tekið hefur verið eftir og þannig haft áhrif til að breyta viðhorfum. Samband íslenskra sveitarfélaga tekur undir þeirra sjónarmið, sbr. t.d. bókun stjórnar sambandsins hinn 30. mars sl. en þar kemur m.a. fram:

„Lögd er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns. Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.“

Sannarlega er hér um að ræða mál sem varðar hagsmuni sveitarfélaganna og fjármál. Í 128.gr. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um formlegt samráð milli ríkis og sveitarfélaga um „mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga“. Hér er sannarlega um að ræða slíkt mál og væntir sambandið þess að samráð verði haft við sambandið og sveitarfélögin í vinnslu þessa máls.

Sambandið leyfir sér að lokum að vísa til ítarlegrar og efnismikillar umsagnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Sigurður Ármann Snævarr
sviðsstjóri